

Til hliðsjónar við ákvörðun verðsins er miðað við að kyndingarkostnaður sé sem næst 80% af kyndingarkostnaði með olíu.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. nóvember 1977 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 27. október 1977.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Kristmundur Halldórsson.*

Nr. 380.

27. október 1977.

## AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja nr. 390, 6. nóv. 1976.

7. gr. orðist svo:

Heimæðagjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss (utanmál) m <sup>3</sup>	Heimæðagjald
Allt að 400	kr. 232 530
400— 2 000	— 232 530 fyrir 400m <sup>3</sup> + 186 kr/m <sup>3</sup> þar yfir
2 000— 6 000	— 530 278 fyrir 2 000m <sup>3</sup> + 158 kr/m <sup>3</sup> þar yfir
6 000—10 000	— 1 163 428 fyrir 6 000m <sup>3</sup> + 139 kr/m <sup>3</sup> þar yfir
Meira en 10 000	— 1 721 538 fyrir 10 000m <sup>3</sup> + 121 kr/m <sup>3</sup> þar yfir

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum hemlum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 27 985.00 aukagjald fyrir hvern hemil umfram þann fyrsta.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. nóvember 1977 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 27. október 1977.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Kristmundur Halldórsson.*

Nr. 381.

29. október 1977.

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 372 25. október 1976 um vöruhappdrætti Sambands íslenskra berkla sjúklinga.

1. gr.

1. másl. 7. gr. orðist svo: Verð ársmiða er kr. 7 200.00, en endurnýjunarverð í hverjum flokki kr. 600.00.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 18 22. apríl 1959, sbr. lög nr. 32 5. maí 1969 og lög nr. 52 25. maí 1976, öðlast gildi 1. janúar 1978.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 25. október 1977.*

Ólafur Jóhannesson.

*Ólafur W. Stefánsson.*

Nr. 382.

**REIKNINGAR**

Styrktarfélagis vangefinna á Vestfjörðum árið 1976—1977.

T e k j u r :

## 1. Árgjöld.

a) í heftum:		
Patreksfjörður	.....	kr. 83 500
Ísafjörður	.....	— 243 500
Suðureyri	.....	— 36 500
Bolungarvík	.....	— 77 500
Hnífsdalur	.....	— 41 000
Tálknafjörður	.....	— 7 500
Flateyri	.....	— 12 000
Þingeyri	.....	— 42 500
sveitir	.....	— 20 000
b) í giróseðlum:		— 119 175
		<hr/>
	Samtals	kr. 683 175

## 2. Merki.

Suðureyri	.....	kr. 10 285
Bolungarvík	.....	— 9 880
Ísafjörður	.....	— 36 635
		<hr/>
	Samtals	kr. 56 800

## 3. Gjafir.

Bolungarvíkurkaupstaður	.....	kr. 40 000
Skólabörn í Bolungarvík	.....	— 7 395
Álfdís Jakobsdóttir	.....	— 72 000
Herdís Albertsdóttir	.....	— 2 000
Geirmundur Júlíusson	.....	— 500
Finnbogi Björnsson	.....	— 500
velunnari (Patreksf.)	.....	— 500
		<hr/>
	Samtals	kr. 122 895

Tekjur alls samtals kr. 862 870

## G j ö l d :

1. Greiðsla til Landssamtakanna Þroskahjálp	.....	kr. 130 000
2. Útvarpsauglýsingar	.....	— 13 804